

### 38. Fundur Umhverfis og náttúruverndarnefndar

Þann 26. júní 2022, klukkan 16:00 á Kirkjubæjarstofu

Mættir: Auður Guðbjörnsdóttir, Rannveig Ólafsdóttir, Björn Helgi Snorrason, Björn Hafsteinsson og Arna Guðbjörg Matthíasdóttir (ritari)

Dagskrá fundar:

1. Kosning varaformanns: *Björn Helgi Snorrason*

2. Kosning ritara: *Arna Guðbjörg Matthíasdóttir*

3. Ólafur Júlíusson kynnir stöðu mála í sorpmálum, merkingu á grenndarstöðvum og gámavelli, djúpgáma og vigtunarkerfi.

Rætt um sorphirðuþjónustu við fyrirtæki. Rætt um mikilvægi þess að kynna íbúa betur fyrir sorpferlinu, hvernig á að flokka og hvað verður um flokkaða ruslið.

Kynnir fráveitumál á Skaftárvöllum og á Kirkjubæjarklaustri.

4. *Nytjagámur/markaður*

5. *Tilnefningar til umhverfisverðlauna á uppskeruhátíð.*

Veita umhverfisverðlaun ekki einungis fyrir snyrtimennsku heldur einnig umhverfisvitund.

Mætti veita vinningshöfum platta sem hengdir eru á skilti, þannig er viðurkenningin sýnilegri.

6. *Pokastöðin*

Mögulega tímabært að endurvekja.

7. *Beiðni um fjármagn fyrir plokkgaginn.*

Mikilvægt að fólk þurfi ekki að borga fyrir það rusl sem það plokkar. Sérstakur plokkipoki? Eða límmiðar? Hvetja fólk til að plokka á þessum degi.

8. *Önnur mál.*

Rætt um möguleika þess að lögbýli geti fengið gám heim að bæ einu sinni ári. Hvati til þess að lögbýli taki til í nærumhverfi sínu. Möguleiki á að Hringrás eða málmfyrirtæki til að taka málma. Auglýsa ef slíkur aðili er á ferðinni svo bæir geti nýtt ferðina.

Mikilvægt að þjónusta fyrirtæki vel, svo Skaftárhreppur sé vænlegur staður til að reka fyrirtæki.

Hugmyndbanki um hvernig fólk getur geymt ruslið. Má leigja eða selja ruslatunnurnar sem eru til?

Áhyggjur af stöðunni í Grenlæk og teljum mikilvægt að kynna okkur og fylgja eftir rannsóknum.

Fundi slitið klukkan 18:51